



impra nýsköpunarmiðstöðin
Iðtæknistofnun
Keldnaholti • 112 Reykjavík
Glerárgötu 34/4h • 600 Akureyri
www.impra.is

Impra nýsköpunarmiðstöðin á að auka og efla starfsemi fyrirtækja og einstaklinga um allt land. Impra er framvörður í nýsköpun á landinu öllu þar sem megináhersla er lögð á að styrkja atvinnulíf með því að auka þekkingu og hæfni. Impra er miðstöð upplýsinga og leiðsagnar fyrir frumkvöðla og fyrirtæki á Íslandi. Verkefni Impru nýsköpunarmiðstöðvar greinast í nokkur svið. Impra starfar á Akureyri og í Reykjavík.

Evrópumiðstöð Impru:

Tækniyfirfærsla - Nýsköpun

Evrópumiðstöð Impru aðstoðar íslensk fyrirtæki og stofnanir við að komast í erlent tæknisamstarf. Evrópumiðstöðin er aðili að evrópsku samstarfsneti sem nefnist Innovation Relay Centre (IRC) en það er stærsta og öflugasta samstarfsnet sinnar tegundar í heiminum með um 250 stuðningsaðila í 31 Evrópulandi. Meginmarkmiðið er að stuðla að tækniyfirfærslu milli fyrirtækja í Evrópu.

Tækniyfirfærsla er öflug leið í nýsköpun

Tækniyfirfærsla er yfirfærsla tækni og/eða þekkingar á milli samstarfsaðila með það að markmiði að auka eða bæta þekkingu og sérhæfni og styrkja samkeppnisstöðu. Tækniyfirfærsla á sér stað á öllum stigum nýsköpunarferilsins, frá upphaflegri hugmynd að endanlegri vöru.

Tækniyfirfærsla getur því falið í sér yfirfærslu á hvers konar þekkingu, frá einni atvinnugrein til annarrar. Tækniyfirfærsla á einnig við um hagnýtingu fyrirtækja á þekkingu sem er til staðar hjá háskólum eða rannsóknarstofnunum. Jafnframt því getur tækniyfirfærsla einfaldlega falið í að yfirfæra tækni frá einu landi til annars.

Impra stuðlar að yfirfærslu tækni og þekkingar til og frá Íslandi.

Allir aðilar að samstarfsnetinu hafa það markmið að aðstoða, auðvelda og greiða fyrir yfirfærslu á nýsköpun og tækni til og frá evrópskum fyrirtækjum og rannsóknarstofnunum.

Nýleg dæmi um þátttöku íslenskra fyrirtækja í tækniyfirfærslu með stuðningi Evrópumiðstöðvar Impru:

- *Marco Lystadún Snæland* gerði leyfissamning við belgískan rúmframleiðanda um sölu á nýjustu uppfinningu þeirra hér á landi.
- *Polyto-plastgerð* gerði samning við danskt fyrirtæki sem mun sjá um hönnun og uppsetningu á mótum sem auðvelda Polyto framleiðslu á sérstökum töppum.
- *IntelScan* gerði samstarfssamning við stórt og framsækið alþjóðlegt matvælaframleiðslufyrirtæki.
- *Hafskel* gerði nýverið samning við spænskt fyrirtæki um að innleiða tækni þeirra og þekkingu á sviði kræklingaeldis.

Uppspretta nýrrar tækni

Á heimasíðu Evrópumiðstöðvar Impru, www.evropumidstod.is, er gagnabanki með meira en fjögur þúsund tæknilítilboðum og tæknióskum.

Gagnagrunnurinn er uppspretta nýrrar tækni sem nýtist íslenskum fyrirtækjum til að afla sér nýrrar tækni og þekkingar. Íslensk fyrirtæki geta einnig komið vörum sínum og þekkingu á framfæri í gegnum gagnagrunninn. Á heimasíðunni eru einnig upplýsingar um áhugaverða viðburði á sviði tæknisamstarfs. Öll þjónusta Evrópumiðstöðvar er gjaldfrjál.

Allar nánari upplýsingar um þjónustu Evrópumiðstöðvar Impru má finna á www.evropumidstod.is.



Starfsfólk Impru í Reykjavík og á Akureyri sem veitir fyrirtækjum og frumkvöðlum um land allt þjónustu.



Meðal efnis:

Að stofna og stýra fyrirtæki
Námskeiðið Brautargengi fyrir stórhuga konur með góðar viðskiptahugmyndir

Gagnleg ný rit fyrir framsækna rekstraraðila
Fyrir þá sem vilja á einfaldan og markvissan hátt tileinka sér fagleg vinnubrögð

13 ný fyrirtæki sprottin af starfsemi frumkvöðlaseturs
Góður árangur fyrirtækja sem fóstruð hafa verið á setrinu

Frumkvöðlaskóli, handleiðsla og vörupróun
Verkefni sem skila góðum árangri

Ný heimasíða Impru:

Aukin þjónusta - Ný tæki og tól

Impra nýsköpunarmiðstöðin hefur opnað nýja heimasíðu, www.impra.is. Með opnun heimasíðunnar eykst þjónusta Impru við frumkvöðla og lítil fyrirtæki. Á heimasíðunni er meðal annars nýtt stuðningsefni, reiknilíkön og lýsingar á þeim verkefnum sem opin eru til umsóknar á hverjum tíma.

Gagnvirk handleiðsla er nýjung á heimasíðu Impru, sem hefur mælst vel fyrir. Þar er hægt að leggja fram spurningar fyrir verkefnisstjóra Impru um allt sem lýtur að þjónustu Impru.

Á vefnum eru ný reiknilíkön og ýmis tæki og tól, eins og áætlanagerðarlíkan, sem er gagnlegt hjálpartæki við gerð viðskiptaáætlana, líkan til að meta arðsemi fjárfestinga, Virðistré, líkan sem er notað til að meta raunhagnað fyrirtækja út frá breytingum í rekstrar- og efnahagsþáttum, og bókhalds- og uppgjörslíkan sem er gagnlegt til að auka þekkingu á bókhaldi og fá innsýn í uppgjör.

Nýtt stuðningsefni fyrir frumkvöðla hefur verið útbúið fyrir vefinn, auk þess sem eldra efni og rit eru þar einnig í aðgengilegu formi.

Átak til atvinnusköpunar:

34 aðilar fengu styrki

Alls hlutu 34 aðilar styrki úr verkefni Iðnaðarráðuneytisins, *Átaki til atvinnusköpunar*, í síðustu úthlutun en styrkirinn námu samtals 25,8 milljónum króna. Verkefnið var auglýst seinni hluta árs 2003 og barst mikill fjöldi umsókna allstaðar að af landinu.

Undanfarin tvö ár hefur verið auglýst tvisvar á ári eftir umsóknum um styrki í *Átaki til atvinnusköpunar* og er þess að vænta að svo verði einnig í ár. Búið er að auglýsa næstu styrki og var umsóknarfrestur til 31. mars.

Átak til atvinnusköpunar veitir aðeins styrki til tvennskona verkefna, þ.e. verkefna sem eru á forstigi nýsköpunar og falla ekki undir verksvið annarra sem veita sambærilega fyrirgreiðslu og verkefna sem eru skilgreind sem sérstök átaksverkefni ráðuneytisins, og ætlað er að hafa víðtæk áhrif, en eru ekki bundin við afmarkað verk, einstakling eða fyrirtæki.

Styrkirinn geta numið allt að 50% af heildarkostnaði verkefna.

Brautargengi fyrir konur:

Að stofna og stýra fyrirtæki

Brautargengisnámskeið hófust nýlega hjá Impru nýsköpunarmiðstöð bæði í Reykjavík og á Akureyri. Alls eru 42 konur skráðar á þessu námskeiði. Þátttaka var mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir og komust færri að en vildu.

Brautargengi er einungis ætlað konum sem hafa hug á að hrinda í framkvæmd viðskiptahugmyndum sem líklegar eru til árangurs og því er ljóst að hugur er í íslensku kvenfólki sem í auknum mæli leitar sérfræðiaðstoðar við að undirbúa stofnun og rekstur fyrirtækja sinna, íslensku viðskiptalífi til framdráttar.

Góð reynsla

Brautargengisnámið er átta ára á þessu ári en markmið þess er að búa konur undir þátttöku í atvinnulífinu með því að kenna þeim að stofna og reka fyrirtæki. Undirstaða þess er gerð viðskiptaáætlunar og gera allir þátttakendur áætlun um sína viðskiptahugmynd.

Alls hafa 240 konur þegar lokið náminu. Í könnun sem gerð var sumarið 2003 kom í ljós að um helmingur þessara kvenna var með einhvern fyrirtækjarekstur og má þar nefna fyrirtæki eins og Kaffitár, NoName, Baðhúsið, Húfur sem hlæja, Fjölmenningu og svo fjölda einyrkja eins og hönnuði, handverkskonur og listakonur sem reka eigin vinnustofur og gallerý.



Viðskiptafrömuðir framtíðarinnar hittast á fyrsta degi námskeiðsins í Skíðaskálanum í Hveradölum og leggja línurnar að stofnun eigin fyrirtækis.

Á námskeiðinu eru fyrirtakskennarar sem flestir hafa mikla reynslu af rekstrarráðgjöf og rekstri fyrirtækja. Má þar nefna Guðbjörgu Pétursdóttur, rekstrar- og markaðsráðgjafa, Sævar Kristinsson, framkvæmdastjóra markaðs- og ráðgjafar fyrirtækisins Netspors, Sigríði Margræti Oddsdóttur, forstöðumann IMG á Akureyri og Jón Hreinsson, rekstrarstjóra Frumkvöðlaseturs Impru, auk þess sem gestafyrirlesarar úr atvinnulífinu eru fengnir á námskeiðin.

Hugmyndaauðgi og áræði

Á Brautargengisnámskeiðum er oft kátt á hjalla þegar svo kraftmikill hópur er saman kominn á einum stað. Viðskiptahugmyndirnar eru af margvíslegum toga. Framleiðsla á minjagripum, rekstur viðskiptaþjónustu, innflutningur á sumarhúsum, þjónusta við erlenda tískuljósmyndara og einkarekstur í heilbrigðisgeiranum eru allt hugmyndir sem unnið hefur verið með á Brautargengisnámskeiðum og er þá fátt eitt talið.

Það er því ljóst að hugmyndaflugið vantar ekki né heldur kjark og þor en áformað er að næstu Brautargengisnámskeið hefjist í september.

Verkefnisstjórar *Brautargengis* eru Arnheiður Jóhannsdóttir, Impru Akureyri og Helga Sigrún Harðardóttir, Impru Reykjavík.

FKA áfram fóstrað hjá Impru:

Nýr samstarfssamningur FKA og Impru

Nýr samstarfssamningur FKA, félags kvenna í atvinnurekstri, og Impru nýsköpunarmiðstöðvar hefur verið undirritaður.

Samningurinn, sem gildir í eitt ár, kveður á um þjónustu og samstarf þessara aðila en líkt og verið hefur mun Impru fóstra *Félag kvenna í atvinnurekstri*. Eftir sem áður mun upplýsingafulltrúi Impru, Sigríður Ingvarsdóttir, annast þá þjónustu

sem félaginu er veitt en hún felst m.a. í umsjón með félagatali, miðlun upplýsinga til félagsmanna og annarra varðandi málefni félagsins, undirbúningi funda, umsjón með heimasíðu, setu á stjórnarfundum og fleiru.

Berglind Hallgrímsdóttir, forstöðumaður Impru, og Katrín S. Ólafsdóttir, formaður FKA, undirrituðu



Hress útskriftarhópur á Akureyri með fjölda nýrra viðskiptahugmynda í farteskinu.

Ólympíuleikar ungra frumkvöðla:

„E-Z on E-Z off“ undirfatnaður

Impra nýsköpunarmiðstöð stóð fyrir þátttöku Íslands í Ólympíuleikum ungra frumkvöðla „Enterprise Olympics“ með stuðningi Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins og *Junior Achievement* á Íslandi. Íslenska liðið stóð sig með mikilli þryði og fékk sérstaka viðurkenningu fyrir kynningu á hugmyndinni.

Ólympíuleikarnir sem fram fóru í júní 2003 voru þá haldnir í annað skipti. Fimmtán lönd tóku þátt í leikunum auk Íslands. Keppnin fór fram í hverju landi fyrir sig og voru staðirnir tengdir saman með tölum.

Eitt lið keppti fyrir Íslands hönd og samanstóð hópurinn af sex þátttakendum á aldrinum 16 til 18 ára. Þátttakendurnir komu frá framhaldsskólum í Reykjavík og Garðabæ en keppnin var haldin hjá Impru.



Íslenska keppnislíðið sem hannaði *EasyOn-EasyOff*-undirfatnað fyrir hreyfihamlaða og hlutu sérstaka viðurkenningu fyrir frábæra kynningu verkefnisins.

Keppnislíðin fengu það hlutverk að koma með tillögu að verkefni sem myndi auka lífsgæði fatlaðra. Verkefnið þurfti að fela í sér tækni og frumkvöðlahugsun og hafa þýðingu um allan heim. Verkefnið er ekki gefið upp fyrr en keppnin hefst og þurfa keppendur að nýta hæfileika sína til að koma fram með nýstárlega hugmynd, búa til frumgerð, skrifa stutta viðskiptaáætlun og kynna verkefnið fyrir dómnefnd á aðeins 24 klst. Veitt voru tvönn verðlaun, annars vegar fyrir sigur í keppninni og hins vegar fyrir frumleika og nýsköpun.

Íslenska liðið ákvað að hanna nýja tegund undirfata fyrir fatlaða sem gerði þeim kleift að klæðast á einfaldan hátt án utanaðkomandi aðstoðar. Verkefnið kölluðu þau *E-Z on E-Z off*.

Sigurvegarar keppinnar voru frá Nýja-Sjálandi. Einnig voru veitt verðlaun fyrir frumleika og nýsköpun og voru þau afhent þátttakendum frá Þýskalandi. Næsta keppni verður haldin í nóvember 2004 og er stefnt að þátttöku fleiri liða með undankeppni hér á Íslandi.

Útgáfa Impru:

Gagnleg ný rit fyrir framsækna rekstraraðila

Impra nýsköpunarmiðstöð hefur staðið fyrir útgáfu á fjórum ritum sem ættu að nýtast þeim sem standa í atvinnurekstri vel. Ritroð þessari er ætlað að koma á framfæri upplýsingum á aðgengilegan hátt um mikilvæg atriði sem stjórnendur fyrirtækja þurfa að hafa í huga. Ritin er hægt að nálgast á skrifstofu Impru og einnig eru þau aðgengileg á heimasíðunni impra.is.

Ritið *MARKAÐSÁÆTLANIR - MARKVISS SÓKN TIL ÁRANGURS* á að aðstoða þá sem vilja, á einfaldan og markvissan hátt, tileinka sér fagleg vinnubrögð við gerð markaðsáætlana. Markmið með útgáfunni er að efla þekkingu stjórnenda og starfsmanna smærri fyrirtækja á markaðsmálum og sýna einfaldar leiðir til markvissari vinnubrögða á sviði markaðsmála.

Með ritinu *VERKEFNASTJÓRNUN - AÐ GERA HLUTINA Á RÉTTAN HÁTT* er markmiðið að kynna hagnýtar leiðir við verkefnastjórnun sem frumkvöðlar og stjórnendur litilla fyrirtækja geta nýtt sér til að takast á við lausnir ýmissa verkefna sem upp koma í rekstri og vörupróun.

Í ritinu *GÆDAHÚSIÐ - EINFALT OG HAGNÝTT* er kynnt aðferðafræði sem hjálpar fyrirtækjum að greina grunnþarfir viðskiptavina sinna og bendir þeim á leiðir til að ná forskoti á samkeppnisaðila.

Í ritinu *VÖRUPRÓUN - AUKIÐ FORSKOT Í SAMKEPPNI* er lögð áhersla á að koma hugmyndum og aðferðafræði á framfæri til að styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækja.



Flug- og geimtækni svið 6. rammaáætlunar ESB:

Tækifæri í verk- og hugbúnaði

Ísland er aðili að 6. rammaáætlun ESB um rannsóknir og þróun í gegnum EES samninginn. 6. rammaáætluninni er ætlað að styrkja Evrópu sem eitt rannsóknarsvæði og stuðla að nýsköpun og samkeppnishæfni evrópsks markaðar. Evrópumíðstöð Impru hefur veitt þjónustu gagnvart 6. rammaáætluninni en í gegnum þessa áætlun eru ýmsar leiðir færar til að nálgast fjármagn til rannsókna og þróunarverkefna.

Flug- og geimtækni svið er eitt af þemasviðum 6. rammaáætlunarinnar sem starfsmaður Impru, Stefán Ófeigsson, hefur sinnt. Unnið hefur verið að kynningarstarfi á

verkefnasviðunum en því miður er ekki starfað með beinum hætti á þessu sviði á Íslandi. Hins vegar eru fjöldamörg tækifæri í verk- og hugbúnaði og því vert fyrir alla að kynna sér þann hluta rammaáætlunarinnar en hann fær úthlutað rúmlega 1,1 milljarði evra yfir áætlunina.

Sótt er um styrki í flug og geimtæknihluta 6. rammaáætlunarinnar hjá Rannís. Vefsíða áætlunarinnar er <http://fp6.cordis.lu> og þar er hægt að nálgast allar frekari upplýsingar.

Frumkvöðlasetur Impru:

13 ný fyrirtæki sprottin af starfsemi frumkvöðlaseturs

Frumkvöðlasetur er umgjörð og aðstaða þar sem frumkvöðlum gefst kostur á að vinna að viðskiptahugmynd sinni. Frumkvöðlasetur Impru býður frumkvöðlum upp á aðstoð við að stofna fyrirtæki og stuðning við fyrstu skrefin í rekstri, fullbúna skrifstofu með öllum innréttingum og helstu tækjum, auk þess sem boðið er upp á aðgang að fundarherbergjum, símsvörum, mótuneyti, ljósritun og ritarþjónustu svo eitthvað sé nefnt.

Það má því með réttu segja að sú aðstaða sem er í boði sé eins og best gerist hjá stórum fyrirtækjum. Frumkvöðlum býðst stuðningur og leiðbeiningar frá starfsmönnum Impru og hefur rekstrarstjóri Frumkvöðlaseturs það hlutverk að vera frumkvöðlum innan handar og hjálpa þeim við framgang hugmynda.

Starfsemi frumkvöðlasetra hefur verið mikið í umræðunni hér á landi en slík starfsemi hefur verið rekin með miklum ágætum víða um heim.

Sá árangur sem náðst hefur á Frumkvöðlasetri Impru er mjög góður. Frumkvöðlasetur Impru hefur verið starfrækt síðan um mitt ár 1999. Síðan þá hafa 20 viðskiptahugmyndir verið fósraðar á setrinu og 13 þeirra hafa þróast yfir í fyrirtæki sem eru öll starfandi í dag.

Frumkvöðlasetrið er opið öllum starfsgreinum og hafa fyrirtæki á setrinu verið af ýmsum sviðum, svo sem heilsutækni-, matvælatækni- og afþreyingarsviði sem og fyrirtæki sem starfa að því að auka þvermenningarlega færni innan íslensks atvinnulífs. Forstöðumaður Frumkvöðlaseturs er Jón Hreinsson.

Frumkvöðlasetur Impru:

Góð reynsla Intelscan ehf

Intelscan Örbylgjutækni ehf er hátækni fyrirtæki sem þróar búnað til að mæla raka í efnum. Fyrirtækið hefur verið með aðsetur á frumkvöðlasetri Impru frá árinu 2000.

Fyrirtækið hefur nýtt sér stuðning frá starfsmönnum Impru sem hafa verið duglegir að afla viðskiptatengsla og veita ráðleggingar varðandi reksturinn. Einnig hefur fyrirtækið leitað til margra annarra ráðgjafa innan Iðntækni stofnunar, eins og varðandi efnagreiningu á matvælum og smíði á frumgerðum mælitækja.



„Ég tel að Intelscan hafi ekki getað fundið betri stað til að hefja rekstur sinn en á Frumkvöðlasetri Impru“, segir Ólafur H. Jónsson eigandi Intelscan.

Frumkvöðlaskólinn:

Hagnýt menntun og stuðningur

Þeir sem vinna að uppfinningum, vöruþróun, stofnun fyrirtækja eða annarri nýsköpun verða að kunna skil á fjölbreytilegustu hlutum.

Til þess að koma til móts við þessa þörf kom Impru nýsköpunarmiðstöð á fót Frumkvöðlaskóla á Akureyri. Markmiðið er að veita væntanlegum frumkvöðlum hagnýta menntun og stuðning sem hvetur þá og gefur þeim tækifæri til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og nýta þau tækifæri sem eru til staðar.

Á námstímanum vinna nemendur að viðskiptahugmynd auk þess sem þeir vinna að nýsköpunarverkefni í fyrirtæki. Námið tekur 28 vikur og skiptist í þrjá hluta.

1. Greining tækifæra, persónulegir hæfileikar og geta.
2. Hefðbundnir áfangar um þá þætti sem koma að stofnun og rekstri fyrirtækis.
3. Reynsla af frumkvöðlastarfi, verkefni unnið fyrir frumkvöðlafyrirtæki.

Frumkvöðlaskólinn tók til starfa í október 2003 og mun fyrsti hópurinn ljúka námi í júní 2004.



Líkt og aðrir nemendur Frumkvöðlaskólans er Jón Þorvarðarson kominn vel á veg með eigið nýsköpunarverkefni.

Handleiðsla Impru:

„Þjónustan ekki síður mikilvæg en peningar“

Handleiðsla er þjónusta sem Impru nýsköpunarmiðstöð býður öllum frumkvöðlum endurgjaldslaust. Markmið handleiðslunnar er að veita frumkvöðlum leiðsögn við þróun viðskipta- og vöruhugmynda, stofnun og rekstur fyrirtækis og gerð viðskiptaáætla.

Handleiðsla fer þannig fram að frumkvöðull hefur samband við verkefnisstjóra Impru í síma, með tölvupósti eða á fundi. Verkefnisstjóri leiðbeinir frumkvöðli hvernig hann geti best leyst það verkefni sem hann stendur frammi fyrir. Handleiðsla getur falið í einu viðtali eða staðið í lengri tíma.



Auk Sigurjóns Magnússonar framkvæmdastjóra starfa þrír aðrir starfsmenn hjá MT-Bílum við byggingu slökkvi- og sjúkrabifreiða.

MT-Bílar á Ólafsfirði

Eitt þeirra fyrirtækja sem hefur nýtt sér handleiðsluþjónustu Impru er MT-Bílar á Ólafsfirði en starfsmenn Impru leiðbeindu fyrirtækinu við gerð viðskiptaáætlunar. Meginstarfsemi MT-Bíla er bygging slökkvi- og sjúkrabifreiða.

Sigurjón Magnússon framkvæmdastjóri segir að þær leiðbeiningar sem hann fékk hjá Impru hafi nýst sér einstaklega vel. „Starfsemi sem þessi hefur gríðarlega mikið að segja fyrir frumkvöðla og lítil fyrirtæki og ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir mikilvægi hennar. Það er mjög gott að geta leitað til aðila eins og Impru eftir þekkingu sem á skortir. Þjónustan sem Impru veitir er ekki síður mikils virði en peningar og styrkir.“

Vöruþróun í starfandi fyrirtækjum:

Karató - Linsu- og hvíbaunabuff

Til að sinna aukinni spurn eftir grænmetisréttum styrkti Impru nýsköpunarmiðstöð Karató ehf í Vestmannaeyjum til að þróa þrjár gerðir af buffi sem unnið er úr mismunandi baunategundum. Buffin voru þróuð í samstarfi við matreiðslumenn og tilraunahópa.

Þróunarvinnan hófst í maí 2003 og henni lauk í janúar 2004. Varan er því þegar komin á almennan markað og eins er hún seld til fjölmargra mótuneyta.

Þátttaka Karató ehf í vöruþróunarverkefninu hafði veruleg áhrif á stefnumótun fyrirtækisins, sem leggur nú mikla áherslu á stöðuga þróun og hefur þegar hafist handa við þróun næstu vörutegunda.



Vöruþróunarverkefni Impru veitir fyrirtækjum kost á aðstoð við að þróa samkeppnishæfa vöru á innanlandsmarkað eða til útflutnings. Þátttakendur fá faglegan og fjárhagslegan stuðning við vöruþróun sem miðar að því að koma samkeppnishæfri vöru á markað á skömmum tíma.

Samstarf með atvinnuþróunarfélögum:

Fiskur undir steini

Fiskur undir steini er samstarfsverkefni Impru og Atvinnuþróunarfélögum Vestfjarða og Þingeyinga. *Fiskur undir steini* er áætlanagerðarlíkan sem hefur verið þróað með þarfir smátúterða og fiskvinnslu í huga, til notkunar fyrir atvinnuráðgjafa og viðskiptavini þeirra sem hyggja á slíkan rekstur.



Í fyrstu útgáfu Fisks undir steini voru þróuð fjögur líkön:

- Saltfiskvinnsla
- Vinnsla á frystum afurðum
- Útgerð á línubát
- Útgerð á dagabát

Einnig var sett saman leiðbeiningahefti til stuðnings líkönunum þar sem farið var yfir helstu þætti þeirra ásamt fleiri gagnlegum upplýsingum.

Impru nýsköpunarmiðstöð hefur í samstarfi við atvinnuþróunarfélög unnið að ýmsum verkefnum til að efla innra starf félaganna og þjónustu þeirra við viðskiptavini sína. Verkefnin hafa verið af ýmsum toga, s.s. úttektir á innri málum félaganna, nýsköpunarnámskeið í grunnskólum og ráðgjafarverkefni fyrir fyrirtæki.